

## Reglur Stefnis - Samvals

### 1. gr.

#### Heiti sjóðsins.

Nafn sjóðsins er Stefnir - Samval. Erlent nafn sjóðsins er Stefnir - Balanced Fund.

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður. Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi. Grunnmynt sjóðsins er íslenskar krónur.

### 2. gr.

#### Fjárfestingarstefna sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni hlutdeildarskrteinishafa á virkan hátt með því að nýta þau tækifæri, innanlands sem erlendis, sem rekstaraðili telur best á hverjum tíma. Fjórir fjárfestingaflokkar mynda grunninn að stýringu sjóðsins, þ.e. erlend hlutabréf, erlend skuldabréf, innlend hlutabréf og innlend skuldabréf. Verður valið milli þessa flokka í samræmi við skoðanir Stefnis hf. á hverjum tíma um hvaða eignaflokkur sé líklegur til að gefa góða ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Vegna þessarar stefnu getur sjóðurinn breytt nokkuð ört um eignasamsetningu. Stefnir - Samval skal einkum fjárfesta, beint eða óbeint, í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti, eða í framseljanlegum verðbréfum sem sótt verður um skráningu á, eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra. Þó er heimilt að fjárfesta sem svarar allt að 10% af eignum sjóðsins í öðrum verðbréfum.

Í samræmi við lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr., 34. gr., 35. gr., 41. gr. og 3 tölul. 54 gr. laganna. Markmið víðskipta með afleiður er annars vegar að draga úr áhættu sjóðsins, s.s. gjaldmiðla-, endurfjárfestingar- og vaxtaáhættu, og hins vegar að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Við gengisvarnir er heimilt að nota framvirka samninga á gengisvísitölu krónunar, á erlendar myntir á móti krónu og á erlenda gjaldmiðlakrossa.

Með endurfjárfestingaráhættu (e. reinvestment risk) er átt við þá áhættu að við endurgreiðslu fjármálagernings, að hluta eða öllu leyti, náist ekki að endurfjárfesta hana á jafn góðum kjörum. Þetta getur átt við þegar greitt er af skuldabréfum í eigu sjóðsins eða þegar sjóðurinn fær arðgreiðslu af hlutabréfaeign sinni. Gjaldmiðla-, endurfjárfestingar- og vaxtaáhættu sjóðsins er stýrt með notkun afleiðna, heimilt er að nota framvirka samninga og vilnanir. Stöðutöku er stýrt með notkun framvirkra samninga og vilnunum. Verðmæti afleiðna breytist miðað við verðþróun á undirliggjandi eignum og því getur Stefnir - Samval bæði hagnast og tapað á notkun afleiðna. Heimilt er að nota afleiður til annars en gengisvarna fyrir allt að 30% af eignum sjóðsins og ef verðþróun á markaði er mjög óhagkvæm sjóðnum getur sjóðurinn tapað því sem nemur verðbreytingu samningsins. Ef notast er við afleiður til annars en gengisvarna skal sjóðurinn eiga í lausu fé þá upphæð sem sjóðurinn getur að hámarki tapað vegna afleiðusamningsins. Heimilt er að verja gengisáhættu 100% og Stefnir - Samval getur bæði hagnast og tapað á vörnum. Stefnir - Samval getur tapað því sem nemur gengisbreytingu þeirra gjaldmiðla sem varnir hans eru samansettar af.

Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og 1., 3. og 4. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003, þ.e. aukið svigrúm fjárfestingarsjóða umfram verðbréfasjóði til fjárfestinga í einstökum útgefendum og aukið svigrúm til fjárfestinga í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóðum. Sjóðnum er heimilt skv. 3. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 1. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003 til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

4. tölul. 54. gr. laga nr. 30/2003 veitir sjóðnum heimild til að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum. Aðrar fjárfestingarheimildir 54. gr. laganna er sjóðnum ekki heimilt að nýta.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 37. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði til þess að fjárfesta umfram 35% og allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum eða sjóðum sem eiga bréf útgefin af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

Að öðru leyti fer því um fjárfestingar sjóðsins eftir II. kafla F í lögnum sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða. Til frekari útskýringar fylgir með II. kafla F laganna aftast í úboðslýsingunni.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda Stefnis - Samvals	%
Skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands hf.	0-100%
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands hf.	0-100%
Verðbréf og peningmarkaðsskjöl útgefin af eða með ábyrgð ísl. ríkisins	0-100%
Erlend verðbréf/fjármálagerningar sem viðskipti eiga sér stað með á skipulegum verðbréfamarkaði	0-100%
Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu, innlendum og erlendum	0-100%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%
Peningamarkaðsskjöl	0-25%
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í liðum 1-5 skv. hér að framan	0-10%

Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum, að hluta eða öllu leyti í sjóðum Stefnis hf.

### 3. gr. Verkefni sjóðsins.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 108 Reykjavík, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 30/2003.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion verðbréfavarsla hf., kt. 470502-2450, Ármúla 13, 108 Reykjavík.

Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörslufyrirtæki nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Auk verðbréfavörslu sinnir Arion ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur Stefnir hf. fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Arion ýmsum lögbundnum verkefnum sínum, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur Arion skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum Stefnis hf. engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Samkvæmt 18. gr. sömu laga annast Arion jafnframt og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við reglur sjóðsins, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, og bókhaldslög. Arion verðbréfavarsla hf. sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Arion verðbréfavarsla hf. senda skýrslu til Seðlabanka og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion

verðbréfavörslu hf. ef efnið varðar þá þætti sem Arion hefur tekið að sér samkvæmt samningnum. Í lok hvers mánaðar sér Arion verðbréfavarsla hf. um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðenda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. eru söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlaun hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðssetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti. Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum rekstrarfélagsins og viðkomandi aðila.

#### **4. gr.**

##### **Þóknanir.**

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,35%. Fjárfesti Stefnir - Samval í öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skulu hámarksstjórnunarþóknanir sem þeir bera vera 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar þeirra. Þegar fjárfest er í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnad er beint eða með umboði Stefnis hf., eða öðru félagi sem Stefnir hf. tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er Stefni hf. ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlaun fyrir fjárfestingu í sjóðnum.

Greidd er árangurstengd þóknun fyrir gjaldeyrisvarnir á erlendum eignum, sem nemur 20% af hagnaði. Þóknun vegna gjaldeyrisvarna er reiknuð og skuldfærð ársfjórðungslega. Árangurstengd þóknun greiðist ekki ef greiðslan leiðir til þess að uppsöfnuð þóknun innan ársins verði hærri en 20% af hagnaði. Árangurstengd þóknun skal ekki vera hærri en 20% af hagnaði hvers árs.

Þóknun Arion verðbréfavörslu hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins nemur 0,15% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar hans á hverjum matsdegi hvers mánaðar meðan hann er starfræktur.

Auk umsýsluþóknunar rennur söluþóknun til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Söluþóknun er að hámarki 5% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlaun eininga í sjóðnum.

Kaupendur greiða til viðbótar 250 kr. gjald við afgreiðslu og 5000 kr. gjald við útgáfu hlutdeildarskírteina ef farið er fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis, en hvoru tveggja telst vera „skírteinisgjald“.

#### **5. gr.**

##### **Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlaun þeirra.**

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 30/2003. Á hlutdeildarskírteini verður getið nafn sjóðsins, rekstrarfélags, nafn og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númer þess. Auk þess verða upplýsingar um hvornig hlutdeildarskírteini verða innleyst, hvaða reglur gilda um arðgreiðslur auk nafns og kennitölu framsalshafa, hafi skírteini gengið kaupum og solum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skulu vera dagsett og undirrituð af stjórn rekrarfélags sjóðsins eða þeim sem

hún hefur gefið umboð til þess. Nafnríttunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok daginn eftir innlausnardag. Lokunartími sjóðsins er kl. 14:00 hvern virkan dag. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+3, þ.e.a.s. það á sér stað þremur virkum dögum eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru gerð. Innlausnarverð hlutdeildarskírteina fer eftir þeim lagareglum sem gilda um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða hverju sinni.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 30/2003 uppfyllt.

#### **6. gr.**

##### **Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.**

Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

#### **7. gr.**

##### **Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 792/2003.

#### **8. gr.**

##### **Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slit. Tillaga um slit og/eða samruna sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleidis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar. Á því tímabili sem líður frá því Stefnir hf. sendir út tilkynningu og þar til slit eða samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir slitunum og/eða samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefnir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefnir hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefnir hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík 15. október 2004  
með breytingum gerðum 4. mars 2007,  
26. maí, 1. desember 2008, 26. júní 2009 og  
4. janúar 2010